

BN/aeg  
B.892/99

Reykjavík 20. janúar 2000

Borist hefur til umsagnar, með bréfi formanns allsherjarnefndar Alþingis dags. 14. desember s.l., frumvarp til laga um þátttöku Íslands í Shengen-samstarfinu, 237. mál, breyting ýmissa laga.

Eftirfarandi ábendingar ríkissaksóknara lúta eingöngu að breytingu á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum nr. 13, 1984.

- Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sá sem óskast framseldur geti samþykkt framsal og skal samþykkið vera bókað og samþykkt skriflega hjá lögreglu, ákærvaldi eða í dómi.


Minnt er á lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar nr. 7, 1962. Nefnd lög eiga eða áttu að kveða á um greiðari leið til framsals sakamanna á milli Norðurlanda en hin almennu lög um framsal sakamanna gera. Í 2. mgr. 10. gr. laganna segir svo: „Nú samþykkir viðkomandi maður á dómþingi framsulið eða játar sig sekan um brot það, sem í framsalsbeiðni greinir, og er þá ekki þörf frekari rannsóknar, nema dómsmálaráðuneytið æski hennar sérstaklega.” Hér segir að samþykkið skuli koma fram á dómþingi. Samþykki hjá lögreglu og ákærvaldi nægir ekki.

Í framsalslögum Dana og Norðmanna, sem hafa breytt lögum vegna Schengen-samstarfsins, er samþykki fyrir dómi áskilið í þessum efnunum.

- Ástæða kann að vera til að haga efni 4. gr. frumvarpsins á þann veg að framsalsleiðin sem um er fjallað verði einskorðuð við Schengenlönd. Þannig mun lagaákvæðum hagað í Noregi en í Danmörku er leiðin takmörkuð við lönd Evrópusambandsins.

- Í lokamálslið greinarinnar þykir eiga að tilgreina yfirlýsingu sem getið er fyrir í greininni ásamt samþykki fyrir framsali.

- Loks þykir ástæða til að benda á að breytingin kann að fara betur og vera skýrari í sérstakri lagagrein, t.d. 14. gr. a, og verði þar jafnframt mælt fyrir um hvernig fara skal með framsal og framsalsbeiðni eftir að samþykki liggur fyrir.

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK